

ÁLYKTUN UM AÐILD HEIMSPEKITORGS AÐ MENNTAMIÐJU

BORIN UNDIR AÐALFUND FÉLAGSINS 25. MAÍ 2013

Félag heimspekikennara samþykkir á aðalfundi sínum 25. maí 2013 að ganga til samstarfs við Menntamiðju.

Menntamiðja er samráðsvettvangur aðila innan skólasamfélags sem er m.a. ætlað að byggja brýr milli ólíkra aðila innan þess. Hún byggir á hugmyndafræði Etienne Wenger um starfssamfélög og veitir nú þegar umgjörð fyrir það starf sem unnið er á þremur torgum, þ.e. Náttúrutorgi, Sérkennslutorgi og Tungumálatorgi en ráðgert er að fleiri torg bætist í hópinn innan skamms. (sjá nánar: <http://menntamidja.is/forsida/>)

Samstarf Menntamiðju og Heimspekitorgs felur ekki í sér neinar skyldur fyrir heimspekitorg. Aðstandendur þess munu því eftir sem áður hafa fullt svigrúm til að byggja upp vefsíðuna heimspekitorg.is. Hins vegar má ætla að tengslanet Menntamiðju verði bakland varðandi fræðilega ráðgjöf og styrkumsóknir.

Tengiliður Heimspekitorgs við Menntamiðju verður Íris Reynisdóttir sem hafði frumkvæði að viðræðum milli aðilana tveggja. **Markmið Heimspekitorgsins með aðild eru eftirfarandi.**

- að tilheyra samfélagi aðila sem leggja sig fram um að þróa menntun og skólastarf á Íslandi
- koma efni og starfsemi Heimspekitorgsins á framfæri við önnur torg og mynda tengsl við þau
- koma á framfæri umræðu um heimspeki menntunar
- koma á framfæri umræðu um heimspekikennslu á öllum skólastigum
- koma á framfæri hugmyndum um opið og aðgengilegt námsefni
- að byggja upp viðburðadagatal torganna